



# Ársskýrsla Golfklúbbs Borgarness 2024



# Ársskýrsla stjórnar Golfklúbbs Borgarness 2024

## Í stjórn klúbbsins:

Formaður	Snæbjörn Óttarsson
Varaformaður	Marianna Garðarsdóttir
Gjaldkeri	Huginn Rafn Arnarson
Ritari	Þorkell Már Einarsson
Meðstjórnandi	Margrét Katrín Guðnadóttir

## Inngangur

Sumarið reyndist GB þónokkuð krefjandi, bæði hvað varðar völlinn og fjármál. Síðasta sumar var það kaldasta síðastliðin 30 ár og úrkoma vel yfir meðallagi og sérlega vindasamt hér á Vesturlandi. Jók þetta álag á völl og vallarstarfsmenn til muna. Þrátt fyrir þetta veðurfar þá fengum við mikið af hópum, fyrirtækjum og einstaklingum til okkar og höfum við náð að auka við sölutekjur klúbbsins þrátt fyrir þessa ótíð. Þetta starfsár var ár sparnaðar, en litið hefur verið í öll horn til að minnka kostnað og auka tekjur. Það hefur náðst að greiða upp allar skuldir félagsins, greiða fyrir 5 milljón króna grínvaltara, kaupa 2,5 milljón króna röffvél ásamt því að skila bankareikning réttu megin við núllið um áramótin. Einnig er vert að geta þess að Borgarbyggð styrkti klúbbinn um 6 milljónir á árinu og gerði okkur þar með kleift að ráða vallarstjóra.

## Rekstur golfklúbbsins

Í fjárhagsáætlun klúbbsins fyrir 2024 var gert ráð fyrir 71,6 m.kr í tekjur og 66,2 m.kr í gjöld og 5,4 m.kr í hagnað. Tekjur ársins voru 87,6 m.kr. Gjöld voru 65,6 m.kr. Hagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir 21,9 m.kr.

Flestir tekjuliðir hækka fyrir utan auglýsingatekjur, sem og styrkir (ef rekstrarstyrkur Borgarbyggðar er tekinn til hliðar). Ljóst er að hér eru mikil tækifæri til aukningar!

Nánar verður gerð grein fyrir rekstri klúbbsins hér á eftir þegar ársreikningur klúbbsins verður lagður fram.

## Framkvæmdir á vellinum

Þónokkrar framkvæmdir voru á vellinum á starfsárinu, byrjað var haustið 2023 við að dreina nokkrar brautir; 13 braut við beygjuna, 6 braut fyrir framan tjörn, 3 braut fyrir framan grín. Snemma vors 2024 stóð GB til boða að nýta það efni sem kom upp úr grunnum fyrir smáhýsin við Hótel Hamar, okkur að kostnaðarlausu. Ákveðið var að nota efnið í eftirfarandi; Nýjan teig á

14. braut, jafna halla meðfram trjám vinstra megin upp 14. braut, uppfylling fyrir framan karlateig á 18. braut ásamt nýjum kvennateig, stækka kvennateig á 4. braut og nýjan kvennateig á 15. braut. Allt efni umfram þetta var keyrt í garð/mön við enda æfingasvæðis. Þá voru tré færð og gróðursett fyrir aftan grínið á 4. braut. Keypt var kortavél í kúluvélinu, þannig að nú er hægt að greiða með greiðslukorti, ekki bara klinki. Einnig hefur GB troðið gönguskíðabraut/spor um völlinn þegar að færi gefst til þess yfir vetrartímann.

## Starfsmannamál

Starfsárið hefur verið annasamt og viðburðaríkt. Mikið hefur mætt á stjórn þar sem lítil festa hefur verið í málefnum framkvæmdastjóra klúbbsins. Í desember 2023 var Finnur Guðmundsson ráðinn framkvæmdastjóri GB, hann starfaði hjá okkur til loka maímánaðar 2024. Í hans stað var ráðin, tímabundið, Gunnhildur Lind Hansdóttir. Gegndi hún störfum framkvæmdastjóra frá júníbyrjun til ágústloka. Þökkum við þeim báðum fyrir góð störf í þágu klúbbsins. Frá ágúst til október vorum við án framkvæmdarstjóra, stjórn ákvað að auglýsa starfið laust og eftir ráðningaferil var Bjarki Pétursson ráðinn. Hann hóf störf um miðjan október og óskum við honum innilega til hamingju með starfið og hlökkum til samstarfsins með honum. Á vormánuðum var Haraldur Már Stefánsson ráðinn vallarstjóri, tímabundið í 6 mánuði, eða frá aprílbyrjun og út september. Ásamt Haraldi þá unnu 11 starfsmenn á vellinum okkar í sumar og þökkum við þeim öllum kærlega fyrir samstarfið.

## Golfkennsla

GB bauð upp á golfkennslu í sumar. Þorlákur Halldórsson, menntaður PGA kennari var ráðinn og kenndi tvisvar í viku, í alls 8 vikur, í júní og júlí. Einnig bauð Þorlákur upp á greidda einkakennslu. Kunnum við honum bestu þakkir fyrir og þökkum samstarfið.

Í maí hélt GB golfdag fyrir öll börn úr Grunnskóla Borgarness og þeim boðið í heimsókn til okkar og golfíþróttin kynnt fyrir þeim, rúmlega 300 börn komu til okkar þennan dag og eiga þeir félagar sem sinntu börnunum þennan kalda dag heiður skilið.

## Mótahald

GB hélt 14 innanfélagsmót, 11 opin mót, 16 fyrirtækja- og/eða hópamót auk unglingalandsmóts. Þetta eru oft heilmiklar hátíðir, sem krefjast mikillar skipulagningar og vinnu og viljum við þakka sérstaklega öllum þeim sjálfbóðaliðum sem lagt hafa hönd á plóginn til að láta þetta gerast. GB hefur klárlega ekki efni á að hafa launaða einstaklinga í öllum stöðum og því eru þessi störf sjálfbóðaliðanna svo ómetanleg.

Meistaramót GB var haldið fyrstu vikuna í júlí, heppnaðist það vel og vorum við afskaplega heppin með veður mótsdagana. Klúbbmeistari GB í karlaflokki var Hlynur Þór Stefánsson, Margrét Katrín Guðnadóttir í kvennaflokki og Auðunn Atli Scott í unglingsflokki.

Tekjur af mótahaldi hækkuðu á milli ára úr 16,5 m.kr í 17,5 m.kr.

## Fjöldi félaga, tekjur af félags-vallar og mótagjöldum

Mikil markaðssetning átti sér stað á árinu á ýmsum félagsaðildum í GB. Nú eru 460 félagar skráðir í GB og hafa aldrei verið fleiri, (29% konur og 71% karlar). 25% af okkar félagsmönnum eru yngri en 25 ára og 35% eru 60 ára og eldri. Þá eru 63 meðlimir á aldrinum 20-24 ára í klúbbnum og 45 ungmenni yngri en 18 ára skráð í klúbbinn. Skráðir hringir á Hamarsvelli sumarið 2024 samkvæmt Golfbox eru um 12.000 en ætla má að sú tala sé mun hærri, þar sem enn er mjög mikið um það að golfarar staðfesti ekki komu á völinn. Tekjur af félags-vallar og mótagjöldum óx um 9,5 m.kr. á árinu.

## Árangur félaga GB á árinu

Hlynur Þór Stefánsson varð klúbbmeistari karla árið 2024.

Margrét Katrín Guðnadóttir varð klúbbmeistari kvenna árið 2024.

Auðunn Atli Scott varð klúbbmeistari unglings árið 2024.

Íslandsmót golfklúbba fór fram í ágúst, tvær sveitir tóku þátt í keppninni í ár.

Karlasveitin lék í 3. deild í Sandgerði og varð í 2. sæti og heldur sínu sæti í 3. deild.

Karlar 50+ léku í Vestmannaeyjum í 2. deild og urðu í 8. sæti og falla því í 3. deild.

Tristan Andri Andrasson varð í 3 sæti á Unglingalandsmóti UMFÍ.

Auðunn Atli Scott varð í 4 sæti á Unglingalandsmóti UMFÍ.

## Inniaðstaða

Inniaðstaða GB hefur verið lítið notuð af klúbbfélögum eftir að hún var færð úr eyjunni og niður í menntaskóla. Lágt er til lofts, og sambandsleysi í kringum golfhermi klúbbsins hefur gert það að verkum að nýtinginn er dræm. Betrubætt inniaðstaða er eitthvað sem klúbbnum skortir og hefur nú þegar átt sé stað samtalið við Borgarbyggð, hvort bæta megi þau mál í sameiningu. Við höldum áfram að vinna að því að gera íþróttina að heilsárs íþrótt fyrir okkar klúbbmeðlimi.

## Samstarfsaðilar

Samstarfið milli GB og Hótel Hamars gekk vel í sumar. Golf og gisting er eitthvað sem íslenskir kylfinga sækja mikið í og kunna vel að meta. Eins og flestum er kunnugt státum við okkur af því að vera eini golfvöllurinn á landinu sem er með hótél á svæðinu og njótum við góðs af því. Við þökkum Hótel Hamar kærlega fyrir samstarfið á liðnu ár.

## Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið stiklað á stóru um helstu atriði í starfsemi Golfklúbbsins. Gerð er grein fyrir starfi nefnda í sérstökum skýrslum sem lagðar eru fram hér á fundinum. Lokið er 51. starfsári okkar í Golfklúbbi Borgarness og stjórn vill þakka starfsmönnum, sjálfboðaliðum, félögum og Hótel Hamri fyrir samstarfið á árinu.

F. h. stjórnar Golfklúbbs Borgarness

*Snæbjörn Óttarsson*

---

# Skýrslur nefnda 2024

## Mótanefnd GB

### Nefnd 2024

- Þorvaldur Hjaltason (Formaður)
- Guðbjörg Ásmundsdóttir
- Huginn Rafn Arnarsson
- Marianna Garðarsdóttir
- Ómar Örn Ragnarsson
- Stefán Haraldsson

Störf mótanefndar voru með nokkuð venjubundnu sniði fyrir utan formanns skipti í byrjun maí. Finnur Guðmundsson fyrrverandi framkvæmdastjóri GB var formaður nefndarinnar en þegar hann hætti störfum þá tók Þorvaldur Hjaltason félagsmaður við sæti hans í nefndinni og tók við formennsku.

Í ár eins og undanfarin ár voru haldar þrjár innanfélags mótaræðir, **GB mótaræðin** sem er punktkeppni með fgj, **Dömunótaræðin** sem er punktkeppni með fgj og **Herramótaræðin** sem er högggleikur með fgj en innanfélagsmótin voru 12 talsins (allar mótaræðir spilaðar saman) með lokamóti í september nema hjá herrum sem spila eitt auka mót á ári, útivallarmót.

Dömu- og Herramótaræðunum er stýrt af einstaklingum sem valdir eru á lokahófi hvers árs og fá þau titlana Dömustjórar og Herrastjórar. Í ár voru það Guðbjörg Ásmundsdóttir sem stýrði dömunótaræðinni og þeir Snæbjörn Óttarsson og Sigurður Friðgeir Friðriksson sem stýrðu herramótaræðinni. Við þökkum þeim fyrir þeirra framlag og góðar stundir.

**GB mótaræðin** er opin öllum félagsmönnum GB og eru spiluð 12 mót þar sem 6 bestu gilda til verðlauna og voru verðlaun veitt á lokahófi GB á Hótel Vesturlandi í nóvember. Einnig voru veitt sérstök verðlaun fyrir besta skor (6/12) í högggleik án fgj. Sigurvegari mótaræðarinnar í ár var Þórir Örn Hafsteinsson og með fæst högg án fgj var Sigurður Eggert Sigurðarson hjá körlum og Margrét Katrín Guðnadóttir hjá konum.

**Dömunótaræðin** er eins og nafnið gefur til kynna ætluð öllum konum í GB og hefur þátttakan verið að aukast með hverju árinu. Verðlaun voru veitt á lokahófi mótaræðarinnar í september. Sigurvegari 2024 var Pálína Guðmundsdóttir.

**Herramótaröðin** er opin öllum körlum 18 ára og eldri í GB og eru spilaðir 13 hringir þar af einn á öðrum velli en Hamarsvelli og í ár var spilað á Akranesi. Verðlaun voru veitt á lokahófi mótaraðarinnar í september. Undanfarin ár hefur herramótaröðinni verið skipt í tvo flokka vegna fjölda þáttakenda og er skipt eftir fgj. Sigurvegarar 2024 voru Ómar Örn Ragnarsson og Þórir Örn Hafsteinsson.

Að venju voru haldin þó nokkur opin mót að Hamri og völlurinn okkar var nokkuð vinsæll til útleigu í lokuð mót eins og undanfarin ár. Þá var hjóna- og paramótið haldið í júní og var uppselt í það að venju og komust færri að en vildu.

Mótanefnd vill þakka öllum þeim sem buðu sig fram til að starfa í kringum mótahald í sjálfböðavinnu sérstaklega fyrir þeirra framlag og það er alveg ljóst að án þess væri ekki hægt að halda mót eins og þau sem eru haldin á vegum klúbbsins okkar.

Takk fyrir hjálpina, án ykkar væri þetta ekki hægt.

Þá vill mótanefnd þakka félagsmönnum fyrir gott samstarf og skemmtilegt sumar og vonar að næsta sumar verði frábært golfsumar fyrir okkur öll.

F. h. Mótanefndar Golfklúbbs Borgarness

*Þorvaldur Hjaltason*

---

# Vallarnefnd GB

## Nefnd 2024

- Haraldur Már Stefánsson (Formaður)
- Einar Pálsson
- Finnur Guðmundsson
- Guðríður Ebba Pálsdóttir
- Hilmar Þór Hákonarson
- Sigurgeir Erlendsson
- Sigurður Ólafson

Nefndin fundaði þrisvar sinnum í aðdraganda sumars og vann skýrslu þar sem hver braut er tekinn fyrir og verkefni skilgreind. Lykilverkefni sumarsins voru að klára þær framkvæmdir sem þegar voru í gangi. Einn fundur var svo haldinn í haust þar sem vetrarverkefnin voru skilgreind og farið yfir þau á staðnum. Vonumst við til að fjármagn fái til að fara í þau sem allra fyrst (sjá nánar undir „brýn verkefni á komandi misserum“).

Einn vinnudagur var haldinn í maí þar sem mæting var virkilega góð. Þar voru helstu verkefni að; undirbúa svæði undir sáningu og sá í þau, hirða upp trjágreinahrúgur og ýmis önnur verkefni sem þörf var á að vinna.

## Framkvæmdir

Í upphafi árs var hafist handa við gríðarlega miklar jarðvegsframkvæmdir við Hótel Hamar þar sem koma átti fyrir 16 smáhýsum ásamt pottum og þjónustuhúsum. Þetta þýddi talsvert magn af uppgreftri og tilfærslu á trjám sem nota átti á völinn. Efnismagnið var í upphafi áætlað um 1500- 2000 rúmmetrar en varð að lokum vel rúmlega 5000 rúmmetrar.

Efnið var notað á vellinum á við; lokun leiðinlegra svæða (18 braut), lokun á frárennisskurðum (3, 6 og 13 braut) uppbygging á teigum (4 kvk, 14 allir teigar, 15 kvk og 18 kvk).

Einnig var sett efni meðfram 14 braut (vinstra megin) til að lagfæra það svæði sem og að efni var sett aftast á æfingasvæði þar sem hægt verður að nota það síðar. Tré voru færð til og voru m.a sett á eftirtalda staði; milli 3 og 4 brautar, aftan við 4 flöt, við nýjan teig á 14 braut og meðfram 17 braut þar sem gömlum trjám var skipt út og ný sett í staðinn.



Nýr stígur var gerður frá 17 flöt og að 18 teig ásamt því sem einni glompu á 17 braut var lokað. Jarðvegssýni voru tekin úr flötum á árinu. Það helsta sem kom þar í ljós var að sýrustig (pH gildi) jarðvegs var ekki ákjósanlegur. Æskilegt pH gildi er 6,4- 6,6 en var víða komið niður undir pH 5,0. Unnið hefur verið að leiðréttingu þessara gilda og er sú vinna að skila árangri.

Talsvert hefur verið um endurnýjun og tiltekt á trjám við og umhverfis brautir. Trjárinni sem var meðfram heimkeyrslunni var tekinn í burtu. Einnig hefur mjög víða verið teknar í burtu gamlar og úrsérgengnar Viðjur. Er það gert til að auka birtu og fegra umhverfið. Frekari framkvæmdir á þessum hluta vallarins (þ.e trjáhlutanum) verður framhaldið með vorinu.

### **Brýn verkefni á komandi misserum**

Sumarið 2024 einkenndist af mikilli úrkomu. Það kom því berlega í ljós hvað jarðvegur Hamarsvallar tekur illa við vatni og því þarf að ráðast í frárennslisaðgerðir á nokkrum svæðum vallarins.

Nefndin hefur lagt til að farið verði í eftirfarandi aðgerðir; framan við 7 flöt, við 12 teig og að 11 flöt, lagfæra þarf frárennsli á 17 braut. Þessar aðgerðir eru ekki stórvægilegar og hafa því ekki mikið rask í för með sér sem truflar leik. Einnig er brýnt að ráðast í aðgerðir á 16 braut og fremri hluta af 17 braut. Það svæði þarf að taka sérstaklega fyrir og hæðarmæla áður enn farið verður í aðgerðir.

Dýpkun á skurði, sem ekki er í landi golfvallarins, meðfram 14 braut er nauðsynleg. Sá skurður er fallinn saman auk þess sem botn skurðsins er hærri en brautin. Því kemst það grunnvatn sem rennur frá klettunum ekki sína leið frá brautinni og safnast upp í mikilli úrkomu.

Einnig telur nefndin að nauðsynlegt sé að gera c.a 30m langan stíg meðfram nýjum fremsta teig á 4 braut (fyrir neðan klettana). Þetta svæði blotnar mjög mikið í úrkomu eins og í sumar.

Afar brýnt er einnig að klára þau verkefni sem hafist var handa við 2024, s.s; klára teig á 14 braut, svæði meðfram 14 braut sem og að ganga frá efni á æfingsvæði. Einnig þarf að ganga frá stígum og minni svæðum á 18 braut.

Það er nokkuð ljóst að það mun koma til þess innan fárra missera að færa þurfi flöt á 3 braut sem getur haft talsverða breytingu á vellinum í för með sér. Þá mun efnið á æfingasvæðinu nýtast mjög vel. Auðvelt er að setja stálrör og veg yfir skurðinn þannig að akstursleiðin á efninu verður mjög einföld og stutt. Það verkefni þarf að fara í hönnun sem fyrst.

## Vélakostur

Vélakostur klúbbsins er bæði takmarkaður og komin verulega til ára sinna. Vinna þarf að því hörðum höndum að fara að endurnýja og bæta flotann á hverju ári. Í sumar var keypt notuð röffsláttuvél að gerðinni Jacobsen AR5. Reyndist vélin mjög vel og var mikil búbót. Unnið er að því þegar þetta er skrifað að kaupa notaða flatarsláttuvél frá GKG. Um er að ræða Jacobsen Eclipse 322 árgerð 2014.

Fyrir utan að endurnýja núverandi vélakost eru eftirtalin tæki nauðsynleg á öllum golfvöllum; öflug fjórhjóladrifin dráttarvél, sturtuvagn, beltagrafa, sjálfvirkt og tölvustýrt vökvunarkerfi, minni vinnubílar með pöllum, 6-8 róbótar (lágmark). Er þetta bara lágmarks tækjakostur.

Einnig má segja að aðbúnaður fyrir vélar og tæki sé ekki ásættanlegur enda er verið að geyma tæki klúbbsins út um allan bæ yfir vetrarmánuðina. Vélaskemma (lágmark 300fm) ásamt góðu plani til að þrifa tæki og steiptum þróm (steipt plata og skjólveggir) fyrir sand (hvítan og svartan) er virkilegt þarfaping.

F. h. Vallanefndar Golfklúbbs Borgarness

*Haraldur Már Stefánsson*

---

# Skemmtinefnd GB

## Nefnd 2024

- Pálmi Þór Sævarsson (Formaður)
- Guðbjörg Ásmundsdóttir
- Helga Sigurlína Halldórsdóttir
- Sigurður Friðgeir Friðriksson

Skemmtinefnd var sett á laggirnar fyrir síðasta starfsár og var fyrsti fundur haldinn í 14. mars þar sem línur voru lagðar fyrir sumarið. Alls voru haldnir fjórir formlegir fundir í nefndinni, gerðar voru tillögur að fimm viðburðum yfir starfsárið/sumarið en alls voru haldnir þrír viðburðir sem skemmtinefnd kom að hér að neðan er farið yfir þá viðburði og hvernig til tókst.

Viðburðir sem skemmtinefnd lagði af stað með í upphafi árs.

1. Startup fundur 8. maí. Kynning á félagsstarfinu haldið 8. maí á Hótel Vesturland. Hér var félagsstarfið kynnt og fór Finnur framkvæmdarstjóri yfir starfið og skráningar ofl. Halli vallarstjóri fór yfir breytingar á vellinum og pælingar því tengdu. Viðburðurinn heppnaðist gríðarlega vel og mættu um 70-80 manns og talvert margir í mat og spjall um kvöldið. Skemmtinefnd leggur til að þetta verði haldið áfram.
2. Fjölskyldudagur var skipulagður 30. maí uppi í Hamri vegna veðurs var fjölskyldu deginum frestað, það tókst síðan ekki að finna annan dag fyrir fjölskyldudaginn. Kennari var fenginn til liðs við okkur með kennslu og leiðbeiningar til þeirra sem voru nýjir, golfsett voru fengin að láni hjá Golfbúðinni þar sem fólk gat mátað sig við og fengið leiðbeiningar frá kennara hvaða sett myndi henta hverjum og einum. Setja átti upp leiki, grilla pulsar og drykki.
3. Ungmennakvöld - stefnt var að því halda ungmennakvöld þar sem kynna átti golf íþróttina með skemmtilegum hætti fyrir ungmennum aldrinum 18-23. ára
4. Hraðgolfmót – varð ekki
5. Lokahóf var haldið í samvinnu við mótanefnd 20 október á Hótel Vesturland alls mættu um 25 manns á lokahófið. Þar sem boðið var uppá léttan kvöldverð ásamt verðlauna afhendingu fyrir Örninn golf mótarið GB.

### Tillögur skemmtinefndar

- Halda sig við tímasetningar á þeim viðburðum sem ákveðnir eru sbr. fjölskyldudag ef mögulegt er þar sem sumarið er fljótt að líða og erfitt að skipuleggja og færa til viðburði.
- Lagt er til að lokahóf verði haldið að lokinni bændaglímu í september og tímabilinu lokað í kjölfarið.
- Skemmtinefnd leggur til að það verði kynnt sérstaklega í upphafi tímabils.

F. h. Skemmtinefndar Golfklúbbs Borgarness

*Pálmí Þór Sævarsson*

---

# Íslandsmót golfklúbba 2024

## Karlasveit GB

Íslandsmót golfklúbba 3. deild karla í Sandgerði 16.-18. ágúst 2024

Sveitina skipuðu:

- Albert Garðar Þráinsson
- Hlynur Þór Stefánsson
- Rafn Stefán Rafnsson
- Jón Örn Ómarsson
- Gestur Már Sigurðsson
- Bjarki Pétursson

Liðsstóri: Rafn Stefán Rafnsson



Stefnan var að sjálfsgöðu að vinna deildina og komast upp í 2. deild. GB endaði í öðru sæti í sínum riðli eftir svekkjandi tap á mótí Húsavík. Í milliriðli mættu svo GB sterkri sveit GBE þar sem GB sigraði leikinn 2-1 og var því komið í úrslitaleik 3 deildar karla 2024. Þar lék sveit GB við GFB þar sem niðurstaðan varð annað sætið og spilar því GB í 3. deild að ári.

## Rafn Stefán Rafnsson

## Karlasveit GB 50+

Íslandsmót golfklúbba 50+ var haldið að Hamri í Vestmannaeyjum dagana 22.-24. ágúst.

Lið Borgarnes skipuðu eftirtaldir :

- Birgir Hákonarson
- Hilmar Þór Hákonarson
- Ómar Örn Ragnarsson
- Hörður Þorsteinsson
- Gestur Már Sigurðsson
- Snæbjörn Óttarsson
- Einar Þór Skarphéðinsson
- Ólafur I. Jónsson.

Liðstjóri Hörður Þorsteinsson



Keppt var við góðar aðstæður á Vestmannaeyjavelli, sem eins og ávallt var í mjög góðu standi. Nokkur vindur var á meðan keppni stóð og fresta þurfti umferð á laugardeginum, þegar sterkustu vindhviðurnar gengu yfir. Þrátt fyrir góðan vilja og mikið keppnisskap, þá varð sveitin

að játa sig sigraða í öllum leikjum og fékk það hlutskipti að falla í 3. deild að ári. Leikið var um fallið við Golfklúbb Sandgerðis og tapaðist sá leikur þannig að GB fékk 1.5 vinning en GSG fékk 3.5 vinning. Lið Golfklúbbsins Leynis frá Akranesi spilaði til úrslita við Golfklúbb Fjallabyggðar og var lið Leynis sigurvegari á Íslandsmóti golfklúbba 50+ í 2. deild.

Þrátt fyrir það tapið var stemmingin góð, hópurinn var saman í gistingu og fór vel um alla. Það verður hlutskipti ársins 2025 að keppa í 3. deild í 50+ floknum á nýjum og breyttum golfvelli Golfklúbbs Selfoss. Færri keppendur þarf til að skipa lið í 3. deild, þar sem einungis er keppt í einum fjórmenningi og tveimur tvímenningum.

*Hörður Þorsteinsson*



# Golfklúbbur Borgarness

## Ársreikningur 2024

Golfklúbbur Borgarness  
Hamri  
310 Borgarnes  
kt. 610979-0179

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar .....	3
Rekstrarreikningur .....	4
Efnahagsreikningur .....	5
Sjóðstreymisyfirlit .....	6
Skýringar .....	7



# Áritun skoðunarmanna

Til stjórnar og haghafa í Golfklúbbi Borgarness.

Við höfum skoðað ársreikning félagsins fyrir árið 2024 og teljum við hann réttan.

Skoðunarmenn reikningsins staðfesta ársreikning félagsins með undirritun sinni:

Jón J. Haraldsson

Eiríkur Ólafsson

Stjórn félagsins staðfestir ársreikning þennan með undirritun sinni:

Snæbjörn Óttarsson, formaður

Huginn Rafn Arnarson, gjaldkeri

Porkell Már Einarsson, ritari

Marianna Garðarsdóttir, varaformaður

Margrét Katrín Guðnadóttir, meðstjórnandi

# Rekstrarreikningur ársins 2024

	2024	2023
<b>Rekstrartekjur</b>		
Rekstrartekjur .....	87.570.838	75.046.635
	<u>87.570.838</u>	<u>75.046.635</u>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Laun og launatengd gjöld .....	37.486.474	42.160.291
Ýmis rekstrarkostnaður .....	13.918.641	25.200.204
Rekstur vallar og tækja .....	13.666.450	15.367.199
Þjálfun. Unglingastarf og kennsla .....	552.500	615.000
	<u>65.624.065</u>	<u>83.342.694</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir .....	21.946.773	( 8.296.059)
Afskriftir .....	5.640.960	5.436.093
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði .....	16.305.813	( 13.732.152)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>		
Vaxtatekjur .....	143.913	18.844
Vaxtagjöld .....	( 416.962)	( 946.914)
	<u>( 273.049)</u>	<u>( 928.070)</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....	16.032.764	( 14.660.222)
Hagnaður ársins .....	<u>16.032.764</u>	<u>( 14.660.222)</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	31.12.2024	31.12.2023
<b>Eignir</b>		
Rekstrarfjármunir .....	122.353.598	125.241.758
Fastafjármunir	122.353.598	125.241.758
Birgðir .....	0	490.608
Viðskiptakröfur .....	250.000	272.000
Aðrar skammtímakröfur .....	0	125.258
Handbært fé .....	4.087.203	10.052
Veltufjármunir	4.337.203	897.918
<b>Eignir samtals</b>	<b>126.690.801</b>	<b>126.139.676</b>
<b>Eigið fé</b>		
Óráðstafað eigið fé .....	125.319.789	109.287.025
Eigið fé	125.319.789	109.287.025
<b>Langtímaskuldir</b>		
Skuldir við lánastofnanir .....	0	763.482
Langtímaskuldir	0	763.482
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	0	1.833.010
Skuldir við lánastofnanir .....	0	3.892.731
Viðskiptaskuldir .....	162.629	6.019.911
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	70.000	538.650
Aðrar skammtímaskuldir .....	1.138.383	3.804.867
Skammtímaskuldir	1.371.012	16.089.169
Skuldir samtals	1.371.012	16.852.651
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>126.690.801</b>	<b>126.139.676</b>

# Sjóðstreymisýfirlit árið 2024

	<b>2024</b>
<b>Rekstrarhreyfingar</b>	
Hagnaður (tap) samkvæmt rekstrarreikningi .....	16.032.764
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:	
Afskriftir .....	5.640.960
Veltufé frá rekstri	21.673.724
 Breytingar rekstartengdra eigna og skulda:	
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) .....	637.866
Skammtímaskuldir, (lækkun) .....	( 12.885.147)
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda	( 12.247.281)
Handbært fé frá rekstri	9.426.443
 <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	
Sala varanlegra rekstrarfjármuna .....	0
Kaup varanlegra rekstrarfjármuna .....	( 2.752.800)
Fjárfestingarhreyfingar	( 2.752.800)
 <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	
Ný lán .....	0
Afborganir langtímalána .....	( 2.596.492)
Fjármögnunarhreyfingar	( 2.596.492)
 <b>Breyting á handbæru fé .....</b>	<b>4.077.151</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>	<b>10.052</b>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>	<b>4.087.203</b>

## Sundurliðanir

	2024	2023
<b>Tekjur</b>		
Félagsgjöld .....	19.605.728	13.694.646
Vallargjöld .....	32.467.244	30.006.993
Mótagjöld .....	17.551.000	16.517.900
Auglýsingar .....	2.196.250	3.751.305
Styrkir .....	4.187.244	5.605.534
Rekstrarstyrkur Borgarbyggð .....	6.000.000	0
Gjöf, slátturróbótar .....	0	2.152.029
Húsaleiga .....	1.200.000	600.000
Endurgreiðsla Vinnumálastofnunnar .....	1.533.609	1.521.167
Kúluvél .....	1.806.910	632.900
Tekjur vegna getrauna og frá UMSB .....	802.552	326.218
Aðrar tekjur: Gjafabréf, hermir, fatnaður .....	220.301	237.943
Samtals	<u>87.570.838</u>	<u>75.046.635</u>
<b>Laun</b>		
Laun .....	16.022.415	16.621.059
Laun og annar starfsm.kostnaður framkv.stj. / vallarstjóra .....	15.808.752	19.347.959
Ökutækjastyrkur .....	870.000	90.300
Lífeyrissjóður .....	2.585.534	3.434.478
Sjóðagjöld .....	245.512	446.262
Tryggingagjald .....	1.818.261	2.134.776
Jólagjafir starfsmanna .....	136.000	85.457
Samtals	<u>37.486.474</u>	<u>42.160.291</u>

## Sundurliðanir

	2024	2023
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
Viðhald og rekstur vallar .....	3.958.760	9.688.483
Áburður, fræ, sáning og söndun .....	3.856.205	1.220.931
Rafmagn og hiti .....	1.180.628	804.599
Sorphirða .....	111.526	73.158
Hreinlætisvörur og ræsting .....	100.742	15.361
Annar húsnæðiskostnaður .....	256.380	34.125
Rekstur tölvukerfis .....	511.692	560.954
Símakostnaður .....	127.240	920.968
Ritföng og prentun .....	163.460	21.271
Þjónustugjöld .....	663.700	0
Aðkeypt vinna .....	2.284.481	5.645.046
Bókhald og reikningsskil .....	0	647.356
Ferðakostnaður .....	0	525.612
Kostnaður vegna mótahalds .....	2.920.088	5.383.683
Vinnufatnaður .....	117.639	239.424
Auglýsingar .....	153.493	27.280
Sveitakeppni .....	1.017.372	1.489.594
Keypt áhöld og rekstrarvörur .....	670.365	406.791
Aðkeyptur akstur og bílaleigubílar .....	351.118	246.920
Rekstur og viðhald tækja .....	5.181.120	2.741.837
Greiðslur til GSÍ .....	2.233.600	911.916
Félagsgjöld Golf Iceland .....	306.000	1.022.000
Tryggingar .....	851.057	728.541
Funda- og viðskiptakostnaður .....	26.000	0
Birgðabreyting .....	490.608	( 490.608)
Kostnaður vegna afmælisblaðs .....	0	416.694
Fyrri árs stöður hreinsaðar út .....	0	2.825.225
Afskrifaðar kröfur .....	0	3.291.303
Annar kostnaður .....	51.817	1.204.396
Samtals	27.585.091	40.602.860

# Fjárhagsáætlun Golfklúbbs Borgarness 2025

	<i>Aætlun 2025</i>	<i>Rauntölur 2024</i>
<b>Tekjur:</b>		
Félagsgjöld	22.000.000	19.605.728
Vallargjöld	33.000.000	32.467.244
Mótagjöld	17.800.000	17.551.000
Auglýsingar m/vsk	3.000.000	2.196.250
Styrkir og framlög	5.000.000	4.187.244
Rekstrarstyrkur Borgarbyggð	6.000.000	6.000.000
Kúluvél	1.900.000	1.806.910
Lotto/getraunir	850.000	802.552
Aðrar tekjur	3.000.000	2.953.910
	<b>92.550.000</b>	<b>87.570.838</b>
<b>Ýmis rekstrarkostnaður:</b>		
Húsnæðiskostnaður	1.800.000	1.649.276
Fasteignagjöld og tryggingar	875.000	851.057
Aðkeypt þjónusta	2.750.000	2.635.599
Sveitakeppni	1.500.000	1.017.372
Mótahald	3.200.000	2.920.088
Skrifstofukostnaður	1.100.000	955.885
Þjónustugjöld	700.000	663.700
Ýmis kostnaður	500.000	686.064
Greiðslur til GSI	2.500.000	2.233.600
Félagsgjöld Golf Iceland	-	306.000
	<b>14.925.000</b>	<b>13.918.641</b>
<b>Rekstur vallar og tækja:</b>		
Aburður, sáning söndun og fl.	4.000.000	3.856.205
Rekstur vallar	4.500.000	4.629.125
Rekstur og viðhald vélar og tæki	5.500.000	5.181.120
Laun og launatengd gjöld	40.000.000	37.486.474
Þjálfun, unglingastarf og kennsla	1.000.000	552.500
	<b>55.000.000</b>	<b>51.705.424</b>
<b>Samtals rekstrargjöld</b>	<b>69.925.000</b>	<b>65.624.065</b>
<b>Hagnaður (-tap) ársins</b>	<b>22.625.000</b>	<b>21.946.773</b>
Hlutfall af rekstrartekjum	24,45%	25,06%
<b>Fjárfestingar</b>	<b>15.000.000</b>	<b>2.752.000</b>